

**173** bandi við þær eru. Þyki útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi  
 15. okt. tafarlaust láta bæta úr því, eða má láta gera það á hans kostnað. Heimilt er vatns-  
 veitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á  
 leiðslum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum  
 gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar  
 eru lokaðar af þessum sökum. Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun, ef  
 skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf, vegna hreinsunar  
 á vatnsgeymi eða viðgerðar á vatnsæðum, enda skal það tilkynnt áður, sé þess  
 nokkur kostur.

#### 7. gr.

Af öllum húsum í Víkurkaupþúni, sem metin eru til fasteignaskatts og vatni  
 er veitt í, skal greiða vatnsskatt. Einnig skal greiða vatnsskatt af öllum húsum,  
 sem liggja að aðalæðum vatnsveitunnar, enda þótt þau noti ekki vatn frá vatns-  
 veitunni. Skattinn skal greiða einnig af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu  
 eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því, enda noti þær vatn frá veitunni.

#### 8. gr.

Af öllum húsum í Víkurkaupþúni, sem svo er ástatt um, sem um getur í 7. gr.  
 reglugerðar þessarar, skal greiða árlegan vatnsskatt, fast gjald af hverju húsi, kr.  
 100.00 — eitt hundrað krónur — og  $\frac{1}{2}\%$  af fasteignamatsverði hvers húss. Við-  
 tengingargjald er kr. 300.00 — þrjú hundruð krónur.

#### 9. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

- a. Af kælivatni til véla samkvæmt vatnsmæli kr. 0.50 á smálest af fyrstu 1000  
 smálestumum, en kr. 0.30 eftir það, sé notkun meiri, nema öðru vísi hafi verið  
 sérstaklega samið við hreppsnefnd.
  - b. Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu,  
 sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, svo sem frystihús, verksmiðjur,  
 baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrrtæki o. fl., skal greiða vatnsskatt, 3% af fast-  
 eignamatsverði, nema öðruvísi sé sérstaklega um samið við hreppsnefnd.
  - c. Enn fremur skal gjalda kr. 0.30 á hverja sauðkind, sem slátrað er í sláturhúsum,  
 og fyrir hvern stórgrip kr. 0.50.
  - d. Ef fjós eða hesthús er tengt við vatnsveitukerfið, greiðist kr. 10.00 fyrir hvern  
 grip, sem inni stendur vetrarlangt.
- Fyrir önnur vatnsnot en hér eru talin greiðist hverju sinni eftir samkomulagi.

#### 10. gr.

Gjöld samkvæmt þessari reglugerð getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um  
 allt að 50%, ef þurfa þykir, bæði einstaka liði og í heild, án staðfestingar ráðu-  
 neytisins.

#### 11. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts er 1. júlí ár  
 hvert. Skatturinn greiðist í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskatt, sem miðaður er  
 við starfrækslu, má krefja, þegar starfræksla hefur farið fram.

#### 12. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu fyrir hús sitt. Vatnsskattinn má taka lögtaki,  
 og er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með  
 forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.